

# Eineltisáætlun

Einelti er ekki liðið í Smáraskóla. Allra leiða er leitað til að fyrirbyggja einelti og uppræta slíka hegðun. Í skólastarfi Smáraskóla er stuðst við uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar, með gildi skólans „virðing, vöxtur, víska og viðsýni“ að leiðarljósi.

Verði foreldrar eða starfsmenn varir við einkenni sem benda til eineltis eða samskiptavanda er nauðsynlegt að skoða málið vel.

## Skilgreining á einelti

Það telst einelti þegar um ítrekað áreiti/ofbeldi er að ræða gagnvart sama eða sömu einstaklingum og getur það bæði verið líkamlegt og andlegt. Stök atvik stríðni, ágreiningur eða átök milli jafningja teljast ekki til eineltis. Mikilvægt er að gera greinarmun á samskiptavanda og einelti.

## Einkenni eineltis

- Einelti nær stundum yfir langt tímabil og gerir líf þolandans mjög erfitt.
- Ójafnvægi er í styrkleikasambandi milli gerenda og þolenda. Sá sem verður fyrir eineltinu ver sig ekki alltaf sjálfur heldur lætur það yfir sig ganga.
- Þeir sem lenda í eineltisaðstæðum eru þolendur, gerendur, og áhorfendur sem taka ekki beinan þátt en koma þolandanum ekki til hjálpar.

## Fyrirbyggjandi aðferðir

Til að vinna markvisst að forvörnum gegn einelti þarf gott samstarf heimilis og skóla. Miðlun góðra lífsgilda, regluleg fræðsla og umræður um jákvæð samskipti, einelti og afleiðingar þess eru nauðsynlegar. Allir þurfa að deila ábyrgð og láta sig varða líðan annarra.

Helstu forvarnir Smáraskóla gegn einelti:

- Lögð er áhersla á að nemendur læri og fái þjálfun í góðum samskiptum. Öllum nemendum verður að vera ljóst hvað einelti er og að einelti er ekki liðið í Smáraskóla.
- Nýir nemendur (ekki 1.bekkur) hitta námsráðgjafa í skólabyrjun.
- Hópefli er skipulagt fyrir nemendur, t.d. í gegnum kennslu í lífsleikni og með skipulögðum ferðum nemenda eða öðru uppbroti.
- Fræðsla í hverjum árgangi um einelti og rétt hvers nemanda til að vera hann sjálfur.
- Skólinn styðst við uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar og leggur áherslu á vinnu samkvæmt gildum skólans.
- Bekkjarsáttmáli er gerður í öllum árgöngum.
- Vinaliðaverkefnið notað í frímínútum, en þá sjá nemendur á miðstigi um uppbyggilega leiki í frímínútum þar sem áhersla er lögð á þátttöku allra.

- Fylgst er með líðan nemenda með tengsla- og eineltis könnunum sem lagðar eru fyrir a.m.k einu sinni á ári, oftast ef þess er óskað. Námsráðgjafi skólans hefur umsjón með þeim í samstarfi við umsjónarkennara.
- Virk gæsla í frímínútum, sem og í öðru starfi, t.d tengt ferðum í íþróttir og skólasund og í ferðalögum á vegum skólans.
- Nemendur eru hvattir til að láta vita ef þeir vita af nemanda sem verður fyrir einelti.
- Dagur gegn einelti, árlegt samstarfsverkefni allra í skólanum.
- Gott aðgengi að stjórnendum, kennurum og námsráðgjafa skólans.

### **Verklagsreglur eineltismála:**

#### **Tilkynning um einelti**

Ef starfsfólk verður vart við einelti meðal nemenda eða fær tilkynningu um það frá nemendum, foreldrum eða öðrum, ber að tilkynna það til viðkomandi umsjónarkennara sem kemur málinu áfram til deildarstjóra.

Form til að tilkynna einelti má finna á heimasíðu Smáraskóla

#### **Greining og mat á einelti**

Umsjónarkennari greinir málið samkvæmt skilgreiningu skólans á einelti. Hann metur umfang málsins með því að afla upplýsinga hjá meintum þolanda, forráðamönnum hans, nemendum og öðru starfsfólki. Höfum það í huga að málefni er varða einelti geta verið mjög misjöfn og því mikilvægt að skoða vel hvert einstakt mál og vinna samkvæmt því. Áætlunin er sá rammi sem stuðst er við.

### **Aðgerðir umsjónarkennara**

- Umsjónarkennari setur aðra kennara þolandans og meints geranda og starfsfólk inn í málið. Umsjónarkennari upplýsir forráðamenn þolanda og geranda um málið og veitir upplýsingar um úrræði sem þeim stendur til boða samkvæmt eðli málsins, til dæmis viðtöl við náms- og starfsráðgjafa og/eða sálfræðing skólans.
- Umsjónarkennari ræðir við þolanda/þolendur.
- Umsjónarkennari ræðir við geranda/gerendur.
- Umsjónarkennari fær aðstoð náms- og starfsráðgjafa til að leggja fyrir tengslakönnun í bekknum.
- Umsjónarkennari fjallar um jákvæð og uppbyggilega samskipti.
- Mikilvægt er að umsjónarkennari skrái allar aðgerðir og gæti trúnaðar í meðferð málsins.
- umsjónarkennari leitar ráðgjafar hjá samstarfsfólki og/eða öðru fagfólki.

Telji umsjónarkennari sig ekki geta leyst málið eða aðgerðir hans bera ekki árangur ber honum að vísa málinu til **nemendaverndarráðs** með vitund forráðamanna þolanda.

Nemendaverndarráð getur falið einum eða fleiri aðilum að vinna að lausn málsins og/eða leitað utanaðkomandi ráðgjafar.

**Allir starfsmenn skólans skulu fara eftir aðgerðaráætlun skólans varðandi eineltismál.**

### **Eineltisráð**

Í Smáraskóla starfar eineltisráð sem í sitja deildarstjórar og námsráðgjafi: Kolbrún Jónasdóttir námsráðgjafi, Emilía Sigurðardóttir deildarstjóri 1.-6. bekkja og Aðalheiður Ævarsdóttir aðstoðarskólalastjóri og deildarstjóri 7.-10.bekkjara. Eineltisráð fundar reglulega en hlutverk ráðsins er:

- Fer yfir tilkynningar um grun um einelti og fylgir eftir áætlun um úrlausn og eftirfylgni í samvinnu við foreldra og starfsmenn skólans.
- Stendur fyrir forvarnarstarfi og fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk.
- Vinnur með niðurstöður úr eineltiskönnun ásamt umsjónarkennurum.
- Styður við úrbótavinnu.
- Uppfærir eineltisáætlun skólans, kynnir fyrir starfsfólki Smáraskóla og sér til þess að uppfærðar upplýsingar séu aðgengilega fyrir nemendur og foreldra.